

# NIÐURSTÖÐUR VÖKTUNAR STRANDA 2016-2019


Til að fylgjast með þróun á magni og samsetningu þess rusls sem berst á strendur Íslands hefur Umhverfisstofnun valið ákveðin strandsvæði til reglulegrar vöktunar. Þar er allt rusl tínt og flokkað samkvæmt staðlaðri aðferðafræði (sjá nánar: [Vöktun stranda 2016-2017](#)).

Í dag eru 6 afmörkuð strandsvæði vöktuð (mynd 1). Vöktun í Rekavík bak Höfn á Hornströndum hófst árið 2017 og árið 2018 á Víkum á Skagaströnd. Niðurstöður fyrir hvern vöktunarstað eru sýndar hér fyrir neðan.



Mynd 1 Vaktaðar strandir á Íslandi.


Samantekt á niðurstöðum frá öllum vöktuðum ströndum á Íslandi á árunum 2016 til 2019 sýnir að plast og frauðplast (pólýstýren) er stærsti hlutinn af öllu því rusli sem fundist hefur á ströndunum eða 64% alls rusls. Næststærsti hlutinn er hreinlætisvörur, sem er 23%. Mótað timbur og gler eru bæði 4% og allt annað rusl er 5% (mynd 2).



Mynd 2 Meðaltal helstu flokka rusls á öllum vöktuðum ströndum árin 2016-2019.

## Bakkavík


Í Bakkavík hafa plast og hreinlætisvörur verið stærstu flokkarnir eða samanlagt um 66 - 91 % (mynd 2). Þær hreinlætisvörur sem fundust voru að mestu blautklútar og eyrnapinnar sem gerðir eru úr plasti. Aukningu á fjölda hreinlætisvara árið 2017 má mjög líklega rekja til bilunar í dælustöðinni í Faxaskjóli þegar neyðarlúga var opnuð og skólpið rann óhreinsað út í sjó. Aukninguna sem sést árið 2019 má að öllum líkindum rekja til losunar á óhreinsuðu skólpi frá höfuðborgasvæðinu.



Mynd 3 Helstu flokkar rusls í Bakkavík, Seltjarnanesi árin 2016 – 2019.

## Búðavík


Í Búðavík hefur plast verið stærsti flokkurinn öll árin sem vöktun hefur farið fram eða um 88 – 95 %. Annað rusl sem hefur fundist eru hreinlætisvörur, eins og eyrnapinnar, mótað timbur og gler (mynd 3).



Mynd 4 Helstu flokkar rusls í Búðavík, Snæfellsnesi, árin 2016 – 2019.

## Rauðasandur


Á Rauðasandi hefur plast verið stærsti flokkurinn á árunum 2016-2019, fyrir utan árið 2017 þegar plast og mótað timbur voru álíka stórir eða 43% og 38% (mynd 4).



Mynd 5 Helstu flokkar rusls á Rauðasandi árin 2016 – 2019.

## Surtsey


Í Surtsey eru tvö 100 m vöktunarsvæði, austan- og vestanmegin á eyjinni. Austanmegin á Surtsey hefur nánast allt rusl sem hefur fundist á árunum 2016-2019 verið plast eða 86 -100 % (mynd 5). Á vesturhlutanum hefur fundist mun minna rusl, einungis 1-2 stk af plasti á árunum 2016-2018, en árið 2019 fundust í heildina 23 stk af rusli og af þeim voru 87 % plast og 13 % mótað timbur.



Mynd 6 Helstu flokkar rusls í Surtsey (austanmegin) árin 2016 – 2019.

## Rekavík bak Höfn


Í Rekavík bak Höfn á Hornströndum hefur nánast allt rusl sem hefur fundist á árunum 2017-2019 verið plast eða 86 - 97%. Allt annað rusl sem fannst á þessum árum var undir 2%, nema árið 2018 en þá náði gler 10% (mynd 7).



Mynd 7 Helstu flokkar rusls á Rekavík bak Höfn, Hornströndum árin 2017 – 2019.

## Víkur

Í Víkum á Skagaströnd var plast næstum 100% af því rusli sem fannst árin 2018 og 2019 eða 99% (mynd 8).



Mynd 8 Helstu flokkar rusls á Víkur, Skagaströnd árin 2018 – 2019.